# Fundargjörð

U.M.S.K. 29. okt. 1939 að Brúarlandi.

1. Þingið sett af ritara sambandsins Grími Norðdahl og kosin fundarstjóri Ólafur Þórðarson.
2. Kosin kjörbrjefanefnd Snorri Tryggvason, Gestur Andrésson Ólafur Ólafsson
3. Viðurkendi hún rjett kjörnu frá U.M.F. „Dreng": Gest Andrésson, Hans Guðnasson, Bjarna Ólafsson Ólaf Ág. Ólafsson. Frá U.M.F. „Velvakandi": Sigmund Guðmundsson og Ranweigu Þorsteinsdóttur. Frá U.M.F. Aftureld-ing: Ólaf Pjetursson, Ólaf Þórðarson Snorra Tryggvason
3. Kosnir endurskoðendur: Ólafur Pjeturs og Bjarni Ólafsson
4. Skýrsla stjórnarinnar, ritari sambands-ins gaf skýrsluna. þar sem formaður

þess Skúli Þorsteinsson er fluttur af fjelagssvæðinu. Las hann upp allar þær tillögur sem vísað var til stjórnarinnar, og sagði frá hvernig með þeim mál var farið. Þá mætti formaður U.M.F. Kjalnesinga, sem hafði verið boðið að sitja þingið, og var hann boðinn velkominn og tók hann sæti á þinginu. Ólafur Andrésson las reikninga sambandsins, um þá urðu nokkrar umræður. Rannveig Þorsteinsdóttir og Bjarni Ólafsson tóku til máls. Reikningarnir bornir upp og samþykktir.

5. Frá U.M.F.Í. Rannveig Þorsteinsd. sagði frá hugmynd U.M.F.Í. gagnvart fyrirhuguðu íþróttamóti á Akureyri 1940. Það er í ráði að hjeraðssamböndin styrki sína keppendur á mótið. Einnig er ætlunin að hafa sambandsþing U.M.F.Í. á Akureyri 1940 og von á breytingum á stefnuskrá



U.M.F.Í. frá U.M.S. Vestfjarða.

6. Ólafur Ólafsson ræddi um þátttöku U.M.S.K. og hvatti mjög til fararinnar. Sextus Andrésson bar fram þá tillögu að kjósa tvær nefndir íþróttanefnd og allsherjarnefnd til að flýta fyrir afgreiðslu mála. Í íþróttanefnd voru kjörin Ólafur Pjetursson Bjarni Ólafsson Sigmundur Guðmundsson Grímur Norðdahl og Rannveig Þorst.d. Í allsherjarnefnd voru kjörnir Sextus Andrésson Ólafur Ól. og Ólafur Þórðarsson. Kaffi hlje. Fundur settur. Sextus Andrésson hvatti mjög til þátttöku á íþróttamótið og taldi að U.M.S.K. ætti að geta sent góðan flokk. Ólafur Þórð. kom fram með þá uppástungu að fara þess á leit að fá varðskip til þess að flytja ungmennafjelaga á mótið. Grímur mælti með tillögu Ólafs.

7. Grímur Norðdahl las upp nokkrar greinar úr íþróttalaga-frumvarpi og virtist þar

flestar til bóta og frumvarpið í heild stór framför frá núverandi ástandi. Ramveig gaf nokkrar góðar upplýsingar um frumvarpið. Og sagði frá helstu breytingum Í.S.Í. við það og voru þær heldur veigalitlar.
Grímur ræddi nokkuð um viðhorf ungmennafjelaganna til íþróttamálanna og til hinna stóru og sterku íþróttafjelaga.
Gestur ræddi um lagafrumvarp Í.S.Í. og benti á að skiftingin í umdæmin væri ekki rjettlát. Bjarni Ólafsson taldi hjeraðsþingið ekki rjettan aðila til að gera ályktanir um þessi mál til Í.S.Í. Um það var nokkuð rætt. Málunum vísað til íþróttanefndar

8. Sigmundur Guðmundsson sagði frá farfuglafundinum og gat þess að halli hefði orðið af þeim fjárhagslega, sjeð þó þeir hafi verið góðir frá öðrum sjónarmiðum.
Ólafur Ól. vildi lofa einhverjum styrk til Farfuglafundarins, ef ekki væri hægt að



fá þá til að bera sig. Gestur talaði um farfugla þ.e.s. hinn nýja fjelagsskap sem svo nefnir sig, og þótti lítill snyrtibragur á þeim. Sigmundur skýrði frá því að farfugla-fjelagið nýja, hefði farið þess á leit við forráða-menn U.M.F. Velvakandi, að farfuglanafnið yrði lagt niður, en því var tekið fjarri sem von var. Ól. Þórðar. mælti nokkur vingjarnleg orð um Farfuglahreifinguna og taldi rjett að reyna að ná samkomulagi með góðu. Lesin tillaga frá Gesti. Þ.s. II og samþ. með öllum atk. Borin upp tillaga frá fulltrúum „Velvakandi" á Þs. III og samþ. með 6 gegn 2

9. a. Grímur Norðd. bar fram fyrirspurn um samfundinn. Ramveig gaf þá skýringu að öll stjórn U.M.F. Velvakandi hefði farið úr bænum, en samfundurinn yrði haldinn í haust ef líkur væru til þess að hann yrði sóttur. Nokkrar umræður. Málinu vísað

til alsherjarnefndar.

1. a Ólafur Þórðarson bar fram þá fyrirspurn til Ranveigar Þorsteinsdóttur sem sambandsstjórnarmans, hvort stjórn U.M.F.Í. álýti að ungmennafjelögin væru bindindisfjelög. Hún svaraði því, að ungmennafjelögin væru bindindisfjelög. Og sagði einnig frá því hvernig þetta atriði hefði verið skilið víða út um land, og vildi hún koma því í kring að vestfirðingar kæmu ekki fram með breytingar á stefnuskrá U.M.F.Í. Ólafur Þórðars. tók í sama streng.

Sigurður Loftsson formaður U.M.F. Hjálmesinga þakkaði að sjer hefði verið boðið að þinginu og ræddi um stefnuskrá U.M.F.Í. Til máls tóku Ól. Þórðars. og Grímur Norðd. Málinu visað til alsherjarnefndar.

b Ræktunarmál: Sestur Andresson minti á samþyktir síðan í fyrra og benti á hversu mandsyn væri á því að halda því máli



vakandi. Ranveig upplýsti það að nú væri maður við nám erlendis, sem yrði síðan leiðbeinandi ungmennafjelaganna. Matar hlje. Íþróttanefnd skilaði störfum og lagði fram tillögur á þs IV V VI VIII þær bornar upp og samþ allar með öllum atkvæðum. Alsherjarnefnd lagði fram tillögur á þs VIII og IX. og voru þær samþ í einu hljóði. Einnig lagði hún fram tillögur á þs. X og XI og voru þær samþ í einu hljóði.

c Var þá haldið áfram með önnur mál. Grímur benti á það að í raun og veru nytu bindindismenn minni rjettinda gagnvart erlendum gjaldeyri, þar sem þeir nota ekki sumar þær vörur sem erlendan gjaldeyri þarf til, um það urðu nokkrar umræður en varla í fullri alvöru.

d Borin upp tillaga frá Afturelding um framlenginu á láni fjelagsins þs XII samþ. m. ö. atk. Ólafur Pjetursson fór af þinginu en í hans

hans stað kom Guðrún Norðdahl sem varamaður

11. Stjórnar kosning; formaður var kosinn Ólafur Þorsteinsson með 4 atk
Gjaldkeri Ólafur Andrésson 8 atk
Ritari Grímur Norðdahl 7 atk
Varaformaður Gestur Andrésson 4 atk
Vara gjaldkeri Sigmundur Guðmundsson 5
Vararitari Ólafur Þórðarson 4 atk
Önnur atkvæði voru mjög dreifð

12. Kosnir endurskoðendur Hans Guðnason 4 atk og Bjarni Ólafsson 3 atk.

13 Kosnir fulltrúar á sambandsþing U.M.F.Í. Gestur Andrésson 4 atk Grímur Norðdahl 4 Til vara Ólafur Þórðarson 5 atk. og Bjarni Ólafsson 5 atk.

Fundi slitið

Grímur S. Norðdahl
— ritari —



Þingskjal I

# Dagskrá.

1. Þingið sett.
2. Kosin kjörbréfanefnd.
3. Kosnir endurskoðendur.
4. Skýrsla stjórnarinnar og reikningar
5. Frá sambandsstjórn U.M.F.Í. Rannv. Þorsteins.
6. Íþróttamót U.M.F.Í. á Akureyri 1940 Ól. Ól.
7. Lög Í.S.Í. og íþróttalagafrumvarpið Grímur Norð.
8. Farfuglafundirnir Sigmundur Guðmundss.
9. Samfundurinn Grímur S. Norðdahl
10. Önnur mál
11. Stjórnar-kosning
12. Kosnir endurskoðendur
13. Kosnir fulltrúar á sambandsþing U.M.F.Í.

Þingskjal II

Fundurinn felur stjórnsambandsins að athuga, hvort ekki muni vera tiltækilegt að fá lögfestingu á nafninu „Farfuglafundir“ fyrir áfram haldandi fundastarfsemi ungmennafjelaga víðsvegar af landinu sem dveljandi í Reykjavík.

Þs. III

Við leyfum okkur hjer með fyrir hönd U.M.F. Velvakandi að fara fram á, að þingið samþykki að styrkja farfuglastarfsemina með kr. 50 fimmtíu krónum.

Sigm. Guðmunds. Rannv. Þorsteinsd

Þs. IV

Íþróttanefnd U.M.S.K. 29. okt 1939 leggur til að væntanleg sambandsstjórn sendi til annara hjeraðsambanda á landinu eftirfarandi ályktun ásamt ítarlegri greinargerð



Þingskjal V

Hjeraðsþing U.M.S.K. haldið að Brúarlandi þann 29. okt 1939 skorar á öll Hjeraðssambönd ungmennafjelaga á landinu að vera vel á verði um afstöðu ungmennafjelaganna til Í.S.Í. sjerstaklega með tilliti til umdæmaskiftingar þeirrar sem gert er ráð fyrir í hinu nýja lagafrumvarpi fyrir Í.S.Í.

Íþróttanefnd.

Þs. V

Hjeraðsþing U.M.S.K. skorar á sambandsfjelögin að þau taki frumvarp til laga fyrir Í.S.Í. til rækilegrar yfirvegunar og sendi stjórn Í.S.Í. rökstudd álit sitt á því

Þs VI

Hjeraðsþing U.M.S.K. samþykkir að sambandið taki þátt í hinu fyrirhugaða íþróttamóti á Akureyri 1940 og samþykkir að veita þann fjárstyrk til ferðarinnar-

sem efni legfa. Einnig felur þingið væntan-legri sambandsstjórn framkvæmd í samráði við stjórnir fjelaganna um undirbúning og þátttöku í mótinu

þs. VII

Hjeraðsþing U.M.S.K. 1939 lýsir ánægju sinni yfir íþróttalagafrumvarpi því, sem nú liggur fyrir Alþingi og vonar að það nái að verða að lögum.

þs. VIII

Hjeraðsþing U.M.S.K. 29/10 1939 felur U.M.F. Velvakandi að sjá um farfugla-fundina á þessum vetri eins og að undanförnu og beinir því til sambandsstjórnar að aðstoða fjelagið um fundar-efni svo sem tök eru á



þs. IX

Hjeraðsþingið felur stjórn U.M.S.K. að hlutast til um það við U.M.F. Velvakandi eða Aftureldingu að halda samfundinn á næstkomandi vori eða sumri

þ.s. X

Að gefnu tilefni ályktar hjeraðsþingið: Þar sem heitar deilur hafa staðið um bindindis ákvæði sambandslaga U.M.F.Í. en því máli virðist nú komið í vera komið í sæmilega höfn. Varar þingið við nýjum umræðum og deilum um þetta mál, og leggur eindregið til að ákvæðum bindindis sambandslaganna verði ekki breytt á næsta sambandsþingi.

þ.s. XI

Fundurinn beinir því til hjeraðsstjórnar að fylgjast vel með fyrirhugaðri starfsemi U.M.F.Í. í ræktunarmálum og vísar í

..i til tillægna sampyktum á hjeraðs-
..i 1938

XII

..U. M. F. Afturelding fer pess á leit
..fá framlengingu á láni sínu hjá
..U. S. K. að uppphæð kr. 300.00 til 1. júní.

Grímur S. Norðdahl
— ritari —

1. ..
fa..
f..
u..
og..
..
2. ..
S..
..
F..
F..
Af..
Óla..
til..
fy..
A..
öl..
3. ..

efni til tillægna samþyktum á hjeraðs-
þingi 1938

þs. XII

U. M. F. Afturelding fer þess á leit
að fá framlengingu á láni sínu hjá
U. M. S. K. að upphæð kr. 300.00 til 1. júní
n. á.

Grímur S. Norðdahl
— ritari —



Fundargjörð U. M. S. K. 24. nóv. 1940

1. Þingið var sett að Eyjum í Kjós kl. 12 á hádegi af
formanni sambandsins Ólafi Þorsteinssyni bauð hann
fulltrúa velkomna og mæltist til þess að fram kæmu
uppástungur um forseta. Stungið var upp á Ólafi Þorsteins.
og til vara Ólafi Péturssyni.
Aðstoðarritari var kosinn Snorri Tryggvason.

2. Kosin kjörbrjefanefnd: Kosningu hlutu Bjarni Ólafsson
Snorri Tryggvason og Stefán Jónsson. Kjörbrjefanefnd
skilaði störfum og viðurkendi rjett kjörna frá U.M.F.
Velvakandi Stefán Jónsson og Ösmu Aradóttir.
Frá U.M.F. Dreng Hans Guðnason, Bjarna Ólafsson, Ólaf.
Ága Ólafsson og Gísla Andrésson, Frá U.M.F. Afturelding
Ólaf Pétursson og Snorra Tryggvason, þá lagði Kjörbrjefanefnd
til að Grími Norðdahl yrði veittur rjettur til þess að vera fulltrúi
fyrir U.M.F. Afturelding þar sem ekki gátu mætt nema
tveir fulltrúar frá fjelaginu. Það var samþ. með
öllum greiddum atk.

3. Skýrsla stjórnarinnar: Form. sambandsins Ólafur